

Að síðustu skal jeg geta þess, að eftir þeim skýrslum, sem antið hefir meðtekið frá Arnessýslu og Rangárvallasýslu í suðuramtinu og Mýrasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu í vesturamtinu, hefir ekki orðið vart við fjárkláða fyrir utan hið kláðagrunaða svæði, og skal þess sjerstaklega getið, að jeg að vísu hefi álitit, að austurtakmörk þessa svæðis ættu að álitast að vera vatnalínan Ölfusá, Hvítá og Brúará, og að þar sem talað er um svæðið milli Hvítánnu í auglýsingunni frá 30. ágúst f. á., þá sje þar með haft fyrir augum svæðið milli þessarar línu að austan og Hvítár í Borgarfirði að vestan. En samt sem áður hefir hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu sjerstaklega kynnt sjer ástandið í Biskups-tungnahreppi, sem er fyrir austan Brúará, og hefir hann skýrt mjer frá, að þar hafi enginn kláði fundizt. Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hefi jeg enn ekki meðtekið skýrslur um hinar fyrirskipuðu skoðanir, en engin líkindi eru til, að fjárkláðinn hafi útbreiðzt þangað fra suðurumdæminu. **17** 16. marz.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna, um fjárrekstrabann.* — Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu í brjefi frá 16. þ. m., skal með þessu brjefi bannið í auglýsingu landshöfðingja frá 30 ágúst f. á. gegn fjárrekstrum og fjárflutningum úr sveitum á svæði því milli Hvítánnu, sem grunur er á um fjárkláða, í önnur hjeruð, og úr öðrum hjeruðum inn á þetta svæði, lengt um óákveðinn tíma, þannig að vesturtakmörk hins nefnda svæðis verði Hvítá í Borgarfirði, en austurtakmörk þess Ölfusá, Hvítá og Brúará. **18** 18. marz.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir öllum hlutaðeigöndum.

— *Skýrsla amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjárkláðann í Borgarfirði.* — Í framhaldi af brjefi amtsins dags. 16. þ. m., innihaldandi skýrslu um heilbrigðisástand sauðfjárins á hinu kláðagrunaða svæði í suðuramtinu, skal jeg eftir þeim skýrslum, er jeg nú hefi í höndum, leyfa mjer að gefa eftirfylgjandi ítarlegri skýrslu um ástandið í Borgarfjarðarsýslu. **19** 22. marz.

Eins og segir í fyrrnefndri skýrslu hafði orðið vart við kláða á Neðrahrepp og Grund í Skorradalshreppi og á Varmalæk í Andakýlshreppi. En þar að auki hefir eftir nýárið komið fram kláði á þessum bæjum í Flókadal í Reykholtisdalshreppi: Hæli, Brennistöðum, Hrísum, Steðja og Brúsholti. Á Neðrahrepp og Grund hefir fjeð verið tekið til lækningmedferðar og ætlast nú að vera heilbrigt, en á hinum bæjunum var allt fjeð skorið á þorranum. Enn fremur voru menn hræddir um, að kláðavottur hefði fyrir mánuði síðan fundizt í einum lambhrút á Skarði í Lundareykjadalshreppi og var hann skorinn og 39 gemlingar, er hann hafði gengið saman við; en þó fannst engin kláðabóla í gærunum af þeim þegar þær voru rakaðar, og þykir því tvísýnt, hvort hjer hafi verið sótnæmur kláði. Loks hefir fyrir hálfum mánuði síðan fundizt kláði í sauðum á Indriðastöðum í Skorradalshreppi; voru þeir skornir, en ráðstafanir gjörðar til að baða annað fje á bœnum.

Eftir skýrslum þeim, sem antið hefir meðtekið frá sýslumanninum í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, og frá hinum setta lögreglustjóra, hefir enn engin almenn böðun sauðfjárins fram farið í sýslunni. Hinn setti lögreglustjóri skýrir frá, að hann hafi lagt fyrir fjáreigendur að hlýðnast án frekari undandrátta skipunum herra landshöfðingjans og amtsins í þessu efni, og hefðu flestir bændur tjáð sig fúsa til að baða þegar ærnar væru

**19** 22. marz. búnað að bera, og fjöð væri komið úr ullu, en hefðu talið mörg vandkvæði á böðun fyrir þann tíma, en einstakir fjáreigendur hefðu jafnvel mælt á móti slöku baði, og eigi viljað heyra nefndar aðrar ráðstafanir gegn fjárkláðanum en niðurskurð. Þessa fjáreigendur ljét lögreglustjórinn vita, að engin undanfærsla frá því boði mundi duga, og lagði fyrir hreppstjóra að sjá um, að nægileg baðmeðöl væru til í tækan tíma fyrir baðið. Með því miklir erfniðleikar eru á því að framkvæma baðanir með valdi í heilli sýslu eður miklum hluta heillar sýslu, og þar sem ástæður þær, sem hafi verið til færðar fyrir því að fresta baðinu, að áliti hins setta lögreglustjóra ekki eru þýðingarlausar, þá hefir hann lagt það til, að það verði látið sitja við það að framkvæma vorbaðið, en að helztu bændur í hverjum hreppi þá verði látnir sæta sektum fyrir óhlýðni þeirra, og hafi sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu byrjað málssókn gegn nokkrum bændum í Reykholtisdalshreppi.

Þar eð jeg nú eptir kringumstæðunum verð að álita að þessar tillögur lögreglustjórans sjeu á góðum rökum byggðar, skal jeg með tilliti til þess, að herra landshöfðinginn hefir fyrirskipað, að eitt bað skuli fram fara á þessum vetri, skjóta því til yðar hávelborni herra, hvort ekki megi fallast á, að baðinu í Borgarfjarðarsýslu sje frestað svo sem nú var sagt. Jeg skal með tilliti til þessa leyfa mjer að geta þess, að það sem yfir höfuð gjörir það nokkuð vallt, að ætla upp á áreiðanlegt bað svo seint á tíma, er það, að svo hætt er við, að sauðir kunni að sleppa á fjall óbaðaðir, en hjer ber þess að gæta, að fjórir efstu hrepparnir í Borgarfjarðarsýslu, þar sem baðið einkanlega er áriðandi, hafa fargað sauðum sínum, og þetta gjörir miklum mun hægra fyrir með baðið, og heimagæzla fjárens, sem líklega verður nauðsynlegt að fyrirskipa næsta sumar að minnsta kosti í efri hluta sýslunnar, verður miklu hægri fyrir þessa sök.

Að síðustu skal þess getið, að stöðugum fjárskoðunum verður áfram haldið um alla Borgarfjarðarsýslu með hálfis mánaðar millibili.

### Verðlagsskrá,

sem gildir í

*Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslu  
frá miðju maímánaðar 1876 til sama tíma 1877.*

**20**  
24. marz.

		Í peningum,		Hundrað á,		Alin.
		krón.	aur.	krón.	aur.	
<b>A. Friður peningur:</b>						
1.	1 $\sigma$ 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum. . .	98	46	98	46	82
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum . . . . . hver á	12	81	76	86	64
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti, . . . —	18	23	109	38	91
4.	— 8 — tvævetrir — — . . . —	14	42	115	36	96
5.	— 12 — veturgamlir — — . . . —	10	49	125	88	105
6.	— 8 ær geldar — — . . . —	12	98	103	84	87
7.	— 10 — mylkar — — . . . —	8	64	86	40	72
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . . . á	74	45	74	45	62
9.	— 1 $\frac{1}{2}$ hryssu, á sama aldri . . . . . —	59	68	79	57	66